

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

4. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2020-2021 8. jan. kl. 8:15-9:00 – í stofu 6 í Heppuskóla og á Teams

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Björn Sigfinnsson

Mættir: Birgir Fannar Reynisson, Eva Rán Ragnarsdóttir, Helga Árnadóttir, Katrín Guðmundsdóttir, Björn Sigfinnsson, Heiður Sigurðardóttir og Þórgunnur Torfadóttir.

Dagskrá

1. **Valdefling** - samstarf foreldra og samstarf heimilis og skóla. Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi. Vinna að fara í gang, rætt á næsta fundi.
2. **Staðan í skólanum út frá Covid-19.** Þessa dagana er skólastarf að mestu leyti eðlilegt. Það eru fyrst og fremst hömlur á samskiptum starfsmanna og ekki enn búið að opna salatbarinn. Ef smit verða áfram í lagmarki í lok vikunnar verður saltabarinn eflaust opnaður í næstu viku. En við tökum einn dag í einu hér í skólanum líkt og gert er alls staðar annars staðar á landinu.
3. **Svefnfyrirlestur og áframhaldandi áherslur í heilsuefningu.** Fundarmenn höfðu það ekki á tilfinningunni að foreldrar hefðu almenn horft á fyrirlesturinn um svefn sem var sendur út til foreldra fyrir jóla og var opinn þar til núna. Svefn hefur verið áherslupóstur í heilsuefningu síðustu mánuði og verður það áfram en áætlað er að bæta við fleiri þáttum enda er mikilvægt að halda alltaf mörgum boltum á lofti þessa að heilsuefningu kemur. Á næsta ári er fyrirhugað að einbeita sér að geðrækt. Hópur um heilsuefningu samfélag er að skoða fyrirlestra fyrir nemendum í 5. – 7. bekk annars vegar og 8. -10.bekk hins vegar og hyggst bjóða nemendum upp á þá þegar samkomutakmarkanir leyfa. Fyrirlestrarnir eru á vegum fyrirtækis sem heitir **Út fyrir kassann** en það sérhæfir sig í sjálfstyrkingarnámskeiðum. Einnig stendur til að fá Siggu Dögg til að koma í mars og vera með kynfræðslu fyrir unglunga sem m.a. snýr að klámi og öðrum álitamálum. Í fyrra byrjuðu smiðjukennarar gjarnan daginn á hugleiðslu og slökun og þeir eru að skoða að hald því áfram.
4. Tilkynningar og önnur mál
 - a. Stefnt er að því að Matthildur bæjarstjóri verði með netfund með nemendum á unglingastigi núna í janúar um heimsmarkmiðin þar sem reynt verður að draga fram hugmyndir ungs fólks um það hvernig við getum unnið að þeim. Fundurinn verður með svipuðu formi og fundur sem haldinn var 17. desember og var opinn öllum Austur-Skaftfellingum.
 - b. Við stefnum enn á dansviku í lok janúar og vonum það besta
 - c. Stytting vinnutíma hjá almenna starfsfólkinu er komin til framkvæmda
 - d. Erindi sem sent var til skipulagsnefndar var tekið fyrir á fundi 8. janúar. Fundargerð ekki komin. Tekið fyrir á næsta fundi.
 - e. Næsti fundur 5. febrúar